

Ákærða A sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og skal hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið. Hún greiði skipuðum verjanda sínum, Hallgrími B. Geirssyni héraðsdómslögmanni, málsvarnarlaun, kr. 200.000.

Ákærða B sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og skal hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið. Hún greiði skipuðum verjanda sínum, Árna Gr. Finnssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 200.000.

Ákærða D telst vera sek um brot á 147. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en fresta skal ákvörðun refsingar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu, verði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaganna haldið.

Ákærðu E og D greiði skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 300.000 in solidum.

Ákærðu Viðar Á. Olsen, E, A, B og D greiði annan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun, kr. 450.000, er renni í ríkissjóð, að einum þriðja hluta in solidum.

Fimmtudaginn 26. mars 1981.

Nr. 211/1980. **Jónas Haraldsson og
Guðný Jónasdóttir**
(Jónas Haraldsson hdl.)
gegn
Landsbanka Íslands
og gagnsök
(Stefán Pétursson hrl.).

Gjaldeyriskaup. Gengisskráning. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973 hinn 5. s. m. og með heimild í 36. gr. sömu laga. Gera þau þær dómkröfur aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 177.70 krónur (nýkrónur) með 13% ársvöxtum frá 27. ágúst 1974 til greiðsludags, en til vara, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 13% ársvexti af 17.700 krónum (177.70 nýkr.) frá 27. ágúst 1974 til 2. september s. á. Í báðum tilvikum krefjast þau málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. nóvember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973 sama dag. Krefst hann sýkun af öllum kröfum aðaláfrýjenda í málinu og málskostnaðar úr hendi þeirra bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur hafa gert Seðlabanka Íslands aðvart um áfrýjun málsins með réttargæslustefnu.

Af hálfu réttargæslustefnda hefur dómþing verið sótt fyrir Hæstarétti og tekið undir kröfur gagnáfrýjanda. Þá hefur réttargæslustefndi og krafist, að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

Aðaláfrýjendur krefja gagnáfrýjanda sameiginlega um, að hann endurgreiði þeim með ósundurgreindri fjárhæð það tryggingarfé, sem þau hvort um sig urðu að inna af hendi að kröfu hans við gjaldeyriskaup sín 26. ágúst 1974. Af málsreifun þeirra og gögnum máls er þó ljóst, að af stefnukröfunni eru 116.53 nýkrónur (11.653 gkr.) vegna aðaláfrýjanda Jónasar, en 61.17 nýkrónur (6.117 gkr.) vegna aðaláfrýjanda Guðnýjar.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að hvorki lög nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárculdbindinga né lög nr. 75/1974 um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu eigi við um gjaldeyriskaup aðaláfrýjenda.

Ekki verður talið, að það hafi sjálfstæða þýðingu í máli þessu, að vænta hafi mátt þess, að sú ríkissjórn, sem að völdum sat, mundi senn láta af þeim.

Í 1. mgr. 18. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 10/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1962 og 1. gr. laga nr. 103/1973, segir, að Seðlabankinn ákveði að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar stofngengi (pari) íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Þá ákveði hann að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar mörk leyfilegs munar stofngengis og kaup- og sölugengis. Innan þessara marka skrái Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda, sem þörf sé á vegna almennra viðskipta.

Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, 26. ágúst 1974, voru engin ákvæði í lögum, sem gagnert heimiluðu Seðlabankanum að fella niður með öllu hina daglegu gengisskráningu að því leyti sem henni mátti við koma, svo sem nú er í 7. gr. laga nr. 63/1979. En hvað sem því líður, verður ekki talið, að gagnáfrýjanda hafi verið skylt að selja aðaláfrýjendum gjaldeyri á því gengi, sem síðast hafði verið skráð, eftir að Seðlabankinn hafði felld niður gengisskráningu frá og með 21. ágúst 1974, heldur var bankanum heimilt, úr því að hann afhenti aðaláfrýjendum ferðagjaldeyri, að áskilja sér, að hann yrði greiddur á því gengi, sem skráð yrði, þegar gengisskráning hæfist að nýju.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjanda dóms verða hvorki aðalkrafa né varakrafa aðaláfrýjenda teknar til greina.

Héraðsdómari hefur dæmt gagnáfrýjanda til að endurgreiða aðaláfrýjendum 3.771 krónu (gkr.) af því fé, sem aðaláfrýjendur guldu fyrir ferðagjaldeyri sinn. Enginn ágreiningur er með aðiljum um, að gagnáfrýjanda beri að endurgreiða þessa fjárhæð. En þar sem aðaláfrýjendur hvorki gerðu varakröfu fyrir héraðsdómi um endurgreiðslu þess fjár né heldur hafa þeir gert varakröfu fyrir Hæstarétti um staðfestingu héraðsdómsins, verður að skilja málflutning þeirra svo, að eigi sé krafist dóms um þessa fjárhæð sérstaklega. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af öllum kröfum aðaláfrýjenda í málinu, en rétt er, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Krafa

réttargæslustefnda um, að aðaláfrýjendur greiði honum málskostnað fyrir Hæstarétti, verður ekki tekin til greina.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjandi, Landsbanki Íslands, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjenda, Jónasar Haraldssonar og Guðnýjar Jónasdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Gagnáfrýjandi, Landsbanki Íslands, hefur viðurkennt, að honum beri að endurgreiða aðaláfrýjendum, Jónasi Haraldssyni og Guðnýju Jónasdóttur, 37.71 krónu af því fé, er bankinn tók við úr þeirra hendi 26. ágúst 1974. Engu að síður hefur hann krafist sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjenda. Krafa um greiðslu þessarar upphæðar er innan krafna aðaláfrýjenda. Þykir því mega dæma hana, þótt gagnáfrýjendur hafi ekki krafist staðfestingar héraðsdóms. Samkvæmt þessu teljum við, að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Að öðru leyti erum við sammála atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júní 1978.

Sjá Hæstaréttardóma 1980, bls. 1585.